

AFRÍKA

SUNNAN SAHARA Í BRENNIDEPLI

Ritstjórar:

Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir



HÁSKÓLAÚTGÁFAN OG AFRÍKA 20:20

2007

Samtímalist:

samspil menningarheima

Jóhanna Bogadóttir

Afríka er hluti af heimsmynd okkar og oft sá hluti heimsmyndarinnar sem virðist dularfullur og fjarlægur, jafnvel eins og annar heimur. En eins og margt fleira færist hún nær við nánari skoðun og gefur hlutdeild í stærri veröld og víðara sjónarhorni á lífið. Myndlistin hefur löngum verið hluti af þeim seið Afríku sem við höfum fengið einhverja nasasjón af en hvernig er samtímalistin og hvað getum við lært um heiminn af henni?

Í Afríku er fjöldi ólíkra landa og samfélaga en hér er fjallað í stuttu máli um eitthvað af því sem kallast

getur afrísk samtímalist. Fyrst og fremst er skoðað hvernig myndsköpun nútímans er notuð til að tjá tilveruna í Afríku sunnan Sahara. Þetta þýðir vissulega að allur heimurinn er til umfjöllunar og hvernig hann speglast hjá afrískum listamönnum. Áherslur geta þó verið aðrar en í okkar heimshluta og framsetning mismunandi á hinum ýmsu menningarsvæðum álfunnar. Heimurinn og þá einnig hinn svokallaði vestræni heimur hefur áhrif á hinn afríska menningarheim nútímans samtímis því að Afríka og afrísk list hefur átt þátt í að móta vestræna nútímalist og hinn vestræna menningarheim.

Hvaðan er nútímalistin?

Ef skoða á hvað kemur hvaðan í listum og hvað er að gerast hvar er mikilvægt að hafa í huga hin gagnvirku tengsl milli menningarheima. Áhrifa frá afrískri myndsköpun tók víða að gæta í byrjun 20. aldar. Picasso er sennilega þekktasta dæmið en ótal aðrir vestrænir listamenn hafa orðið fyrir hughrifum frá afrískri list og menningu. Í þessum hópi listamanna voru t.d. margir af þeim frumkvöðlum er unnu í anda kúbisma, expressjónisma og ýmissa annarra leiða til frjálsari tjáningar. Allir þessir listamenn sáu í afrískum verkum fordæmi um frjálsari úrvinnslu og efnisnotkun en þeir áttu að venjast. Þessi áhrif eiga drjúgan þátt í

Þróun þeirrar stefnu sem kallast mórmodernismi eða nútímalist 20. aldarinnar. Þau sjást einnig í því sem er oft flokkað sem póstmórmodernismi. Jasstónlistin, sem spröttin er upp úr afrískri tónlistarhefð, er meðal þess sem talið er hafa haft töluverð áhrif á þróun myndlistar í vestrænum menningarheimi á 20. öld.

Ekki er hægt að horfa fram hjá því að vestrænt vald og nýlendustefna höfðu geysileg áhrif á menningarþróun Afríku. Fyrirbæri eins og kynþáttahyggja og forðómar vegna húðlitar hafa skipt miklu máli og gera enn í sambandi við hvernig hlutir og fyrirbæri hafa verið og eru kynnt. Markaðssetning og val þeirra sem valdið hafa leiðir gjarnan til þess að verk listamanna sem koma frá framandi menningarsvæði eru metin, flokkuð og kynnt á annan hátt en list frá eigin menningarsvæði. Mismunandi væntingar hafa þar oft áhrif. Þannig hefur afrísk list til skamms tíma verið sett á mannfræðisöfn í hinum vestræna heimi og oft verið flokkuð sem nytjahlutir án höfundarnafns. Einnig hefur til skamms tíma lítið verið að finna af list frá Afríku á svokölluðum alþjóðlegum sýningum á Vesturlöndum og sama er að segja um deildir listasafna sem sýna eiga úrval heimslistar.

Breytingar hafa þó átt sér stað og á síðasta áratug hafa nokkrar sýningar á afrískri samtímalist verið settar upp í stórborgum Evrópu og Bandaríkjana. Listasöfn hafa verið stofnuð sérstaklega til kynningar á afrískri samtímalist og tvíæringar (stórar sýningar á tveggja ára fresti) verið settir á laggirnar vítt og breitt utan Evrópu með áherslu á list utan hins vestræna heims, t.d. í Senegal, Egyptalandi, Sádi-Arabíu, Suður-Afríku og víðar.

Hvað er afrísk list?

Flokkunin, sem er eitt af því sem einkennir oft hinar svokölluðu vestrænu aðferðir til að ná tökum á tilverunni, hefur í sumum tilfellum þrengt að í stað þess að opna fyrir og auka skilning á viðfangsefninu. Á söfnum og í öðrum miðlum hins vestræna heims hefur list frá Afríku og fleiri heimshlutum oft verið flokkuð sem hefðbundin og frumstæð. Þannig hefur orðið til skipting í „okkar“ list og list „hinna“ og hefur list okkar, sem lifum í skjóli þess valds sem fjármagnið hefur í heiminum, orðið hin mikilvæga heimslist listasafnanna.

Þegar fjallað er um list seinni tíma er stundum talað um hefðbundna eða staðnaða list annars vegar og framsækna eða frjálsa list hins vegar sem andstæður. Hin svokallaða staðnaða eða þvingaða list getur þá ýmist verið bundin valdi eða stýringu markaðarins eða venjum í samfélaginu og hjá einstaklingunum. Hið hefðbundna og hið framsækna þurfa þó ekki að vera andstæður og ýmiss konar



Mahu Toby við veggmynd sína í Abomey, Benín. Hann er einn þeirra listamanna sem boðar nýja sýn á samtímann í verkum sínum og notar táknmál godsagna og sögu.
Ljós.: Jóhanna Bogadóttir

samspil þar á milli getur orðið til þess að menn öðlast nýtt sjónarhorn á tilveruna enda breytast hefðir og þróast.

Borið hefur á þeirri tilhneigingu, jafnt hjá markaðsráðandi, vestrænum öflum og vissum aðilum heima fyrir, að ætlast er til þess að listamenn í Afríku haldi sig við þau vinnubrögð sem kallast hefðbundin. Afrískir listamenn skiptast nokkuð í tvö horn hvað varðar viðbrögð við slíkum kröfum. Annars vegar togast á pan-afríkanismi, þ.e. að leita hinna afrísku séreinkenna og taka þau fram yfir annað, og hins vegar sú stefna að hafna kynþáttahyggju algjörlega. Sumir þeirra listamanna sem aðhyllast pan-afríkanisma telja það skyldu sína að vinna samkvæmt gömlum hefðum. Aðrir gera það vegna eftirspurnar markaðarins, vegna þess að þeir þekkja ekki aðrar leiðir eða þá að slík vinnubrögð eru þeim eiginleg. Mörgum listamönnum finnst hins vegar sjálfsagt að vinna fyrst og fremst sem heimsborgarar og nýta nútímataækni. Sumir þeirra vinna þó jafnframt með það sem þeim þykir gefandi úr eldri hefðum og nota það á nýjan hátt með kunnáttu og þekkingu á nýrri leiðum.

Vinnustofuhefðin er og hefur verið ríkjandi víða í Afríku. Í minni samfélögum hafa lengi tíðkast vinnustofur fagmanna í myndsköpun. Stundum gengur fag listamannsins í arf og er kennt innan fjölskyldunnar, en stundum er það numið hjá meistara. Hópar listamanna vinna einnig saman á stofum við gerð nýtjahluta

og við myndsköpun sem flokkast undir frjálsa tjáningu, enda eru ekki alltaf skýr mörk þar á milli.

Á nýlendutímanum, eða á fyrri hluta 20. aldar og um miðja öldina, spruttu upp stærri samvinnu-vinnustofur í nokkrum löndum Afríku. Stofnendur þeirra og leiðbeinendur voru listamenn frá Evrópu sem vildu leggja eitthvað af mörku- um til uppbyggingar á staðnum. Þessir leiðbeinendur höfðu þá stundum fyrir- fram ákveðnar skoðanir á því hvað væri ekta „afrískt“ og hvaða vinnubrögð ætti að stunda þótt ekki væri um slíka stýringu að ræða í öllum tilfellum. Sums staðar urðu til slíkar afrískar vinnustofur þar sem farnar voru nýjar leiðir undir vissum áhrifum frá evrópskri hefð í efnisnotkun og leiðum eða tækni. Vinnustofuhefðin og arfleifð hennar hefur haft mótandi áhrif á afríska myndlist í dag.

Leitin að sjálfmynd er hverjum listamanni mikilvæg en kannski sérstaklega þeim sem hafa alist upp við áhrifamátt nýlendutímans og dreymir um nýja tíma í nýju samfélagi. Þeim getur verið mikið niðri fyrir. Oft er greinilegt bæði hjá ýmsum þeim listamönnum sem notið hafa menntunar á vestræna vísu og þeim sem starfa og hafa hlotið menntun á heimavelli að þjóðfélagsmál eða viðfangsefni samfélagsins brenna á þeim. Umfjöllunarefnið getur verið málefni heimabyggð- ar, oft með nálægð við mikla fátækt og misskiptingu auðs og jafnvel stríðsátök, eða umheimurinn þar sem málefni Afríku eru hluti af heimspólitíkinni.

Samtímalist

Samtímalist Afríku mótast af ýmsum þáttum og þá m.a. af þeim hefðum og leiðum sem tíðkuðust í listsköpun áður fyrr, bæði í samfélögum fyrir nýlendu- tímann og á nýlendutímanum. Afstaða listamanna til listsköpunar, venjur og félagslegt gildi listar eða tengslin við samfélagið á ef til vill þátt í að skapa sér- stöðu afrískrar samtímalistar. Tengsl við hefðir í myndmáli, svo og efnismedferð, eru mikilvæg og oft er markvisst byggt á þeim. Eins og víðast hvar vinnur fólk að myndsköpun eftir mismunandi leiðum bæði hvað varðar tækni og hugmynda- lega afstöðu. Sumir byggja á víðtækri menntun en aðrir ekki, enda má afla hennar á mismunandi hátt, og tilgangur listsköpunarinnar getur verið ólíkur.

Í mörgum samfélögum heimsins er erfitt að stunda listsköpun vegna harðrar lífsbaráttu og á það við víða í Afríku. Þar er mikil fjölbreytni í vinnulagi en til eru afrískir listamenn sem vinna eftir sömu leiðum og við könnumst við í okkar heimshluta. Þar er einnig að finna verk sem oft eru flokkuð sem hugmyndalist, sem er stefna sem verið hefur áberandi í listaheimi Vesturlanda síðustu áratugi.



Unnið við verkefnið „Vopnum breytt í list“ á vinnustofu í Mósambík.
Ljós.: Reynir Þórarinsson

Þar eru það hugmyndirnar sem settar eru fram sem eru aðalatriðið. Sú tjáning í listaverki sem oft verður til í úrvinnsluferlinu, t.d. í baráttu listamannsins við efni og form, verður aukaatriði. Ljósmyndir og myndbönd eru algeng, ýmsir hlutir eru settir í nýtt samhengi og óhefðbundnar sem og hefðbundnar leiðir eru farnar. Hugmyndalist hefur orðið talsvert meira áberandi meðal afrískra listaverka á nýlegum sýningum, en gera má ráð fyrir að stýring úr vestri hafi þar áhrif sem og áhugasvið þeirra sem mestu ráða um valið á „heimslistinni“.

Málverk, skúlpúrur og önnur listform sem eru byggð bæði á eldri hefðum og nýjum, afrískum og evrópskum, hafa þróast með auknum möguleikum í menntun og bættri aðstöðu. Stundum er meira frjálstræði og fjölbreytni í afrískri list samtímans en í mörgum af þeim verkum sem sjá má í sýningarsölum á Vesturlöndum um þessar mundir. Hugsanlega hefur það áhrif að markaðsstýrandi öfl eru fjær eða að væntingar til þess framandlega eru aðrar. Vera má að afrísk listaverk séu valin á sýningar með öðru hugarfari en þegar valin eru verk eftir vestræna listamenn. Þó eru vissulega alltaf fólgnar takmarkanir í vali og valdi milliliða hvort sem listin er afrísk, vestræn eða eitthvað annað.

Afrískir samtímalistamenn – stiklað á stóru

Myndmál hefur löngum verið mikið notað í Afríku á fjölbreyttan hátt og má oft sjá áhrif frjálsra vinnubragða úr ýmsum áttum og þá ekki síður frá stöðum þar sem listaskólar eru ekki til. Hér verða fáeinir myndlistarmenn kynntir til sögunnar til að sýna fjölbreytni þá sem ríkir.

Oft eru skilti, auglýsingar eða upplýsingar á húsveggjum handmálaðar og tilbúinn, handmálaður óskabakgrunnur hjá portrettljósmyndara segir til um þá veröld sem fyrirsætan vildi gjarnan lifa í. Frá slíku umhverfi kom Seidou Keita frá Malí sem er einn þekktasti ljósmyndari Afríku. Hann heillaðist snemma af portrettljósmyndun sem hann stundaði af brennandi áhuga og innlifun. Verk hans draga oft fram mjög sérstæða fegurð enda sagði hann það hlutverk og skyldu portrett ljósmyndarans að ná fram því fegursta í sál fyrirsætunnar á því augnabliki þegar smelt er af.

Í samfélagi ndebele í Suður-Afríku er víða málað beint á veggjum utanhúss og stundum innanhúss. Þetta eru kröftug verk í sterkum litum í geómetrískum formum sem geta þó verið hlaðin táknum. Myndirnar byggja á hefðbundnum mýnstrum og skreytingum í perlusaumi á fatnað en voru þróaðar í veggmyndagerð á 19. öld. Í hinum hefðbundna

klæðnaði fólks má oft sjá ótrúlega frjálsa sköpunargleði og næma tilfinningu fyrir litum sem falla vel að umhverfinu. Þar getur einnig átt heima teppi með skosku mýnstri eða lopapeysa frá Íslandi, útfærð á persónulegan hátt. Það sýnir einmitt að hefðir geta þróast og orðið róttækar og skapandi. Það eru eingöngu



Nýjar veggmyndir á húsnum, unnar út frá hefðum í skreytingum búninga, og kona í hátíðabúningi í ndebele-þorpi í Suður-Afríku. Með leyfi Walter Knirr/Images of Africa.



„Snow White“, verk eftir Berni Searle frá Suður-Afríku.
Með leyfi Berni Searle.

konur sem vinna slík verk og halda þannig í heiðri og þróa listahefð mæðra sinna. Ein þeirra er **Esther Mahlangu**, en hún tók við arfleifðinni frá móður sinni. Hún hefur lifað og starfað við veggmyndagerð í ndebelesamfélaginu, en á seinni árum hefur hún einnig unnið stök málverk og veggi fyrir sýningar og stofnanir á Vesturlöndum.

Kynþáttahyggi og átök vegna kynþáttafordóma eru algeng umfjöllunarefni í afrískri samtímalist. Listamenn í Suður-Afríku hafa unnið mikið með þemu sem tengjast aðskilnaðarstefnunni, enda knýjandi að leita leiða til að græða sár þjóðfélagsins af hennar völdum.

Berni Searle í Suður-Afríku vinnur út frá blönduðum uppruna sínum, en hún er komin af fólki frá þremur heimsálfum. *Snow White* (Mjallhvít) og *Colour me* (Litaðu mig) er titill á myndröðum og myndbandsverkum eftir hana sem fjalla um kynþáttahyggi og kynferðishyggi í samfélagi Suður-Afríku þar sem hinn hvíti karlmaður ræður. Searle hefur gert innsetningar með stórum áhrifaríkum ljósmyndum af eigin líkama og líkamshlutum. Nýjustu verk hennar fjalla einnig

um spurninguna hver á heima hvar og vekja þá ekki síst spurningar um flóttamannavandamál okkar tíma.

Kynþáttur: hvað er hægt að gera við það fyrirbæri? Er hægt að breyta því í umhyggju? **Cameron Platter**, ungur **suður-afrískur** listamaður, hefur gert póstkort á sýningu með nýrri uppröðun á bókstöfunum *race* (kynþáttur) svo að úr verður *care* (umhyggja). Það setur hann fram sem svar við spurningunni um hvað sé eiginlega hægt að gera við þetta vandræðaorð *race* sem ekki ætti að vera til. Hann fæst mikið við teiknimyndir með samfélagsádeilu.

Jane Alexander er einnig frá **Suður-Afríku**. Verk hennar hafa vakið mikla athygli á stórum alþjóðlegum listasýningum. Þau eru sprottin úr samfélagi með átakanlega sögu kynþáttahyggju og stéttaskiptingar. Alexander vinnur innsetningar með skúlptúrum, oftast í fullri líkamsstærð af mönnum og dýrum, eða af mönnum ýmist með dýrshöfuð eða grímur. Þessar áhrifaríku innsetningar vekja spurningar um tilveru mannsins og líf á jörðinni og gefa til kynna nálægð, opna ný sjónarhorn og minna á varnarleysi og viðkvæmni lífsins (sjá mynd bls. 182).

Vald og áhrif peningahyggjunnar og viðtekin skilgreining á menningarsvæðum hafa oft verið gagnrýnd og stundum tekin til umfjöllunar hjá afrískum nútímalistamönnum. **Meschac Gaba** frá **Benín** er einn þeirra, en hann fjallar um stöðu nútímamenn- ingar eða heimsyfírráð hins vestræna valds með kímni og íroníu. Sem dæmi má nefna að hann bjó til innsetningu með afrískum peningaseðlum þar sem sjá má



Hluti af veggmynd í verslun í Abomey í Benín sem sýnir hin kröftugu form sem oft er að finna í afrískri myndlist og geta verið bæði lífræn og geómetrísk í senn. Höfundur verksins hét Basil og hann starfaði í Abomey á seinni hluta 20. aldar.

Ljós m.: Jóhanna Bogadóttir

andlit evrópskra listamanna sem unnu undir áhrifum frá afrískri list, þar á meðal Picasso og Brancusi. Þetta verk minnir á að móðernisminn á ættir að rekja til Afríku og vísar jafnframt til þeirrar peningahyggju sem ræður ríkjum, ekki síst í vestrænum listaheimi. Verkið sýnir um leið hve fjarstæðukennd sú skoðun er að verk afrískra listamanna séu ekki upprunaleg ef þeir vinna með nútímalegum aðferðum því að þau vinnubrögð séu vestræn. Gaba hefur gert stóra innsetningu sem hann kallar „Safn afrískrar nútímalistar“ og hefur þetta verk hans verið sett upp á ýmsum stórsýningum í Evrópu á undanförunum árum. Þessi innsetning Gaba er hið fjölbreyttasta safn muna tilbúinna af honum eða samansafn fundinna muna og raðar hann því saman í mismunandi deildir líkt og á alvöru safni t.d. safnverslun, nýju fatatískulínuna og deild trúarbragðanna. Vekur þetta safn hans með þeirri íroníu sem honum er lagin vissulega spurningar um stöðu heimsmenningarinnar ekki síður en um Afríku.

Chéri Samba er frá **Alþýðulýðveldinu Kongó** en er nú búsettur í Nígeríu þar sem hann vinnur mjög táknræn og pólitísk málverk. Viðfangsefni hans snúast um peningahyggjuna og vald hennar, heimsvaldastefnu og kúgun en einnig um peningavald listaheimsins og stöðu listamannsins. Ekkert er dregið undan og setningar og letur sett inn í myndirnar ef þurfa þykir til nánari skýringar eða ítrekunar (sjá mynd bls. 226). Eins teflir **Trigo Piula** frá **Kongó** saman í fórnaraltari sínu hefðum og verslunarvöru á íronískan hátt, því vestræna og því afríska, og vekur upp spurningar um menninguna, áhrif samtímans og hefðanna.

Stríðsátök, ofbeldi og barátta gegn slíkum hörmungum hefur verið nærtækt þema hjá mörgum listamönnum. Eftir langvarandi borgarastríð í Mósambík var áhrifaríkt verkefni sett af stað til að vinna gegn ógn áframhaldandi stríðsátaka og ofbeldis. Vopnum hjá almenningi var safnað saman og fólki boðið að fá í staðinn áhöld og verkfæri sem mikil þörf var á. Þetta átak hefur gengið vel og meðal annars tók hópur listamanna í Mósambík að vinna listaverk úr vopnum. Eitt þeirra er verkið *Lífsins tré*, stórt útiverk sem sett var upp í London í tengslum við kynningu á afrískri samtímalist, *Africa Remix*, árið 2005.

Romuald Hazoumé frá **Benín** fjallar um hina hörðu lífsbaráttu og misskiptingu auðs. Hann hefur t.d. gert verk um bensínflutninga ungra manna sem fara með lífið að veði um langan veg á litlum mótórhjólum með stafla af plastbrúsum með smygluðu bensíni. Hazoumé, sem vinnur oft úr efnum neyslusamfélagsins, gerir líka röð af grímum úr plastbrúsum sem hann meðhöndlar á sinn hátt. Með einföldum leiðum formar hann dulúðug og tjáningarfull andlit sem minna á



Ati, gríma, blönduð tækni (44x45x23) eftir Romuald Hazoumé frá Benín.
Með leyfi André Magnin et CAAC The Pigozzi Coll. Genf.

fornar og nýjar hefðir og endurspegla bæði íroníu og samkennd. Hazoumé er yórábi en yórábar hafa sterkar hefðir fyrir gerð og notkun gríma.

El Anatsui, sem er frá Gana en starfar í Nígeríu, notar óvenjulegan efnivið í verk sín. Hann vinnur oft mjög stórar veggmyndir eða skúlptúra sem eru samsetningar og ótrúlega frumleg endurvinnsla á efnivið frá neylusamfélagi nútímans. Stórt teppi úr flöskutöppum er dæmi um kröftug vinnubrögð hans.

Yinka Shonibare er alinn upp í Nígeríu en býr nú í London. Hann vinnur oft stórar innsetningar með persónur í ýmsum athöfnum eða umhverfi sem gefur tilvísun í vissan menningarheim og þá oft heim nýlenduherranna. Þar notar hann



„Stásstofa viktoríansks mannvinar“ (1996-1997) eftir Yinka Shonibare frá Nígeríu.
Með leyfi Collection Eilen and Harris Norton, Santa Monica, California.

á persónurnar litríkt mynstrað textílklaði sem oftast er litið á sem sér-afrískt en sem er í raun hannað og unnið í öðrum heimshornum og barst upphaflega til Vestur-Afríku með hollenskum kaupmönnum. Innsetningar Shonibare eru oft hlaðnar íroníu og vekja tilfinningu fyrir fátánleika stéttaskiptingar og kynþáttahyggju. Hann spyr hvað er upprunið hvar og hvað er ekta með tilliti til ákveðins menningarheims. Shonibare er einn þeirra afrísku samtímalistamanna sem hvað mesta athygli hafa fengið á Vesturlöndum í byrjun 21. aldar, og er hann sýndur og kynntur víða á stórum söfnum.

Fjölmarga aðra listamenn væri hægt að telja upp sem vinna eftir enn öðrum leiðum en hér er getið, á sinn sérstaka hátt við að tjá sig um málefni sem brenna á Afríku samtímans og heiminum í dag. Myndlistin er alþjóðlegt mál sem getur vísað veginn til nálgunar og skilnings, óháð landamærum. Aldrei hefur leitin að skilningi verið mikilvægari í þessum heimi okkar allra en einmitt nú á tímum hnattvæðingar.

Heimildir

- Appiah, Anthony Kwame (1993). *In my Fathers House: Africa in the Philosophy of Culture*. New York: Oxford University Press.
- Hayward Gallery (2005). *Africa Remix. Contemporary Art of a Continent*. London: Hayward Gallery Publishing.
- Kasfir, Sidney Littlefield (1999). *Contemporary African Art*. New York: Thames and Hudson.
- Kennedy, Jean (1992). *New Currents, Ancient Rivers*. Washington og London: Smithsonian Institution Press.
- Courtney-Clarke, Margaret (1986). *Ndebele: The Art of an African Tribe*. London: Thames & Hudson.

Vefsíður

- ARMS into ART: a virtual exhibition in cooperation with Núcleo de Arte in Maputo, Mozambique: www.africaserver.nl/nucleo/eng/
- ArtThrob: Contemporary art in South Africa: www.artthrob.co.za/
- Meschac Gaba um innsetningu hans "Museum of Contemporary African Art": www.museumofcontemporaryafricanart.com/
- Nka: Journal of Contemporary African Art, útgefandi: Africana Studies and Research Center, Cornell University: <http://www.nkajournal.org>
- The Contemporary African Art Collection (The Jean Pigozzi Collection): www.caacart.com/